

# SKÓLASTEFNA FLÓAHREPPS 2022-2025

**3** HEILSA OG  
VELLÍÐAN



**4** MENNTUN  
FYRIR ALLA



**5** JAFNRÉTTI  
KYNJANNA



**10** AUKINN  
JÖFNUÐUR



**12** ÁBYRG NEYSLA  
OG FRAMLEIÐSLA



**13** AÐGERÐIR Í  
LOFTSLAGSMÁLUM



**9** NÝSKÖPUN OG  
UPPBYGGING



**16** FRÍÐUR OG  
RÉttlæti



# EFNISYFIRLIT



Formáli.....	bls 3
Inngangur.....	bls 3
Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.....	bls 4
Stefna Flóahrepps.....	bls 4
Skólabragur.....	bls 5
Gildi.....	bls 5
Hlutverk leik- og grunnskóla.....	bls 6
Skólastefna Flóahrepps.....	bls 7
Mannauður.....	bls 8
Umgjörð.....	bls 10
Samfélagið.....	bls 12
Umhverfið.....	bls 14
Innleiðing og lokaorð.....	bls 16
Undirbúnaður heimsmarkmiðanna.....	bls 17



# FORMÁLI

Á árinu 2020 var samþykkt ný framtíðarsýn og stefna Flóahrepps sem byggir á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Með henni hefur Flóahreppur skilgreint hvaða heimsmarkmið sveitarfélagið ætlar að leggja áherslu á. Í stefnunni eru markmið og leiðir að markmiðum unnin með hliðsjón af undirmarkmiðum heimsmarkmiðanna og þeim áherslum sem sveitarfélagið hefur valið. Framtíðarsýn Flóahrepps er að vera eftirsóknarvert sveitarfélag til búsetu þar sem atvinnulíf er fjölbreytt og framsækið og innviðir góðir. Sveitarfélagið er heilsueflandi, þjónustumiðað og umhverfisvænt samfélag með góða ímynd. Stefnuáherslur sveitarfélagsins taka mið af framtíðarsýninni og munu þær einnig birtast í öðrum stefnum sveitarfélagsins.

Í kjölfarið var hafist handa við undirbúning að mótun nýrrar skólastefnu í sama anda. Vinna við gerð skólastefnu Flóahrepps hófst á haustmánuðum árið 2020 og var hún samþykkt í sveitarstjórn á haustmánuðum 2021 og gildir hún til ársins 2025. Eva Magnúsdóttir, ráðgjafi og eigandi Podium ehf., leiddi vinnuna ásamt sveitarstjóra og sveitarstjórn.

Aðferðafræðin við mótun skólastefnunnar byggðist aðallega á vinnustofum með sveitarstjórn, fræðslunefnd og skólafólki á árinu 2020 og 2021. Á vinnustofunum var farið í ýmsar greiningar, m.a. var gerð styrkleikagreining á skólasamfélaginu þar sem styrkleikar þess munu birtast í stefnunni. Á vinnufundunum var einnig farið yfir val ríkisstjórnarinnar á heimsmarkmiðum fyrir Ísland og almennt fjallað um heimsmarkmiðin. Leitast var við að móta framtíðarsýn og setja fram markmið sem unnið verði að til næstu ára í sveitarfélaginu.

Einnig var leitað eftir hugmyndum nemenda um góðan skóla við mótun skólastefnunnar og stýrðu skólastjórar leik- og grunnskóla þeirri vinnu ásamt sínu starfsfólki. Einnig var haldinn vinnufundur á vegum skólastjórnenda með nemendum leik- og grunnskóla þar sem þau tjáðu sig í máli og myndum um hvað einkenndi góðan skóla.

Drög að skólastefnu voru lögð fyrir sveitarstjórn og skólastjórnendur sem ákvaðu að rýnihópar frá leikskóla og skóla myndu rýna drögin. Rýnifundur var haldinn með skólastjóra, leikskólastjóra og fyrrum formanni fræðslunefndar. Í kjölfarið voru haldnir tveir rýnifunir með starfsmönnum leikskóla og þrír með starfsmönnum grunnskóla þar sem stefnuadrögin voru fínþússuð nánar. Drög að nýrri skólastefnu voru síðan kynnt fyrir íbúum á íbúafundi 21. júní 2021.

# INNGANGUR

Skólastefna Flóahrepps tekur mið af stefnu stjórnvalda, menntastefnu til ársins 2030 sem lögð var fram árið 2020, aðalnámsskrá leik- og grunnskóla, lögum um leik- og grunnskóla, Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, stefnu Flóahrepps, heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, uppbyggingarstefnu skólanna, framfarastefnu heimspekingsins John Dewey, skólum á grænni grein og læsisstefnu skólanna. Einnig var litið til stefnumótunar menntamálaráðuneytisins frá því í janúar 2020; Menntun til framtíðar - aðgerðir og viðbrögð í kjölfar fundaraðar um menntun fyrir alla og mótun menntastefnu til 2030.

Skólastefnan er unnin í anda stefnu Flóahrepps og eftir þeim gildum sem sveitarfélagið hefur valið sér til framtíðar. Þau eru sjálfbærni, framsækni og samvinna. Í stefnuáherslum sveitarfélagsins er unnið útfrá framtíðarsýninni og skiptast áherslur stefnunnar í fjóra flokka; framsækið atvinnulíf, öflugt heilsueflandi samfélag, virkt íbúalýðræði og sjálfbært samfélag. Skólastefnan gildir fyrir leik- og grunnskólastarf í Flóahreppi og tekur einnig á hlutverki leik- og grunnskóla auk gilda skólanna, hugur, hjarta, hönd.

Kjarninn í stefnunni er öflugt skólastarf þar sem styrkleikar einstaklingsins fá að njóta sín og lögð er áhersla á að hlúa að og örva skapandi hugsun. Áherslurnar eru á fjóra flokka til að ná framtíðarsýninni; mannauð, samfélagið, umgjörð og umhverfið.



# HEIMSMARKMIÐIN STEFNA

Árið 2000 settu Sameinuðu þjóðirnar fram Þúsaldarmarkmið til ársins 2015 sem sneru fyrst og fremst að þróunarríkjunum. Mikill árangur náðist og því var ákveðið að setja ný markmið til ársins 2030 og ná þau til allra ríkja heims.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun voru samþykkt árið 2015. Þau eru 17 talsins með 169 undirmarkmið og ná bæði til alþjóðasamstarfs og innanríkismála.


Markmiðin eru algild, sem merkir að aðildarríki SP hafa skuldbundið sig til að innleiða þau bæði innanlands og með alþjóðasamstarfi. Heimsmarkmiðin eru samþætt og órjúfanleg og mynda jafnvægi á milli þriggja stöða sjálfbærrar þróunar; hinnar efnahagslegu, félagslegu og umhverfislegu. Þá fela þau einnig í sér fimm meginþemu sem eru mannkynið, jörðin, hagsæld, friður og samstarf.

Aðalinntak markmiðanna er jafnframt að engir einstaklingar eða hópar verði skildir eftir. Því er mikilvægt að ríki horfi ekki eingöngu til meðaltala við mælingar á árangri sínum heldur nálgist innleiðingu markmiðanna á heildstæðan hátt.

Ríkisstjórn Íslands samþykkti að forgangsraða 65 af 169 undirmarkmiðum heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna við innleiðingu þeirra á Íslandi. Í kjölfarið ákvað Flóahreppur að móta stefnu sína með heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi og var hún samþykkt árið 2020. Framtíðarsýn Flóahrepps er að vera eftirsóknarvert sveitarfélag til búsetu þar sem atvinnulíf er fjölbreytt og framsækið og innviðir góðir. Flóahreppur er heilsueflandi, þjónustumiðað og umhverfisvænt samfélag með góða ímynd.

Til þess að ná framtíðarsýninni ætlar sveitarfélagið að einbeita sér að fjórum meginflokkum; framsæknu atvinnulífi, öflugum heilsueflandi samfélagi, virku íbúalýðræði og sjálfbæru samfélagi. Valin hafa verið 12 heimsmarkmið 1, 3, 4, 5, 7, 8, 9, 10, 11, 12, 13, 16 til þess að vinna eftir.

Mótun skólastefnu er einn þáttur af innleiðingu heimsmarkmiðanna í sveitarfélaginu. Skólastefnan byggir á þeirri vinnu sem skólasamfélagið innti af hendi á vinnustofum og fundum.



# SKÓLABRAGUR

# GILDI

Skólustarf í Flóahreppi er metnaðarfullt og markvisst er unnið að því að byggja upp færni nemenda og auka skilning þeirra og virðingu fyrir náttúrunni og umhverfinu. Gildi skólanna: hugur – hjarta – hönd endurspeglast í starfinu og er lögð rík áhersla á að nemendur stundi nám við hæfi, að skapa vellíðan og virðingu í samskiptum og kynna fjölbreytt viðfangsefni og tækifæri fyrir framtíðina. Í skólustarfinu er unnið út frá uppbyggingarstefnunni og framfarastefnunni þar sem megin viðfangsefnin eru að efla sjálfstæði og samskiptahæfni þar sem einstaklingurinn er ábyrgur gjörða sinna og virkur í eigin námi. Umhverfi nemenda tekur mið af þroska hvers og eins og tekið er tillit til bakgrunns og einstaklingsþarfa og hugmyndafræðin um skóla fyrir alla er við lýði.

Flóahreppur rekur tvo skóla, leikskólann Krakkaborg og Flóaskóla, grunnskóla fyrir nemendur í 1. – 10. bekk. Mikið samstarf er á milli skólanna og markvisst er unnið að því að skapa samfellu í skólagöngu nemenda þannig að reynsla nemenda í leikskóla sé góður undirbúningur fyrir nám í grunnskóla. Undirbúningur leikskólabarna fyrir grunnskólagönguna felst í reglubundnum skólaheimsóknum og vor-skólaviku þar sem áherslan er á að kynna skólustarfið og efla skólafærni. Fjölbreytt þróunar- og samstarfsverkefni hafa verið í gangi og er þar helst að telja „Gullin í grenndinni“ þar sem viðfangsefnið er umhverfismennt og útikennsla. Mikilvægt er að skólasamfélagið styðji við metnaðarfullt skólustarf, fjölbreytilegar uppeldis- og kennsluáferðir og að kynja-sjónarmið séu höfð að leiðarljósi í daglegu starfi.

Gildi Flóaskóla og Krakkaborgar eru hugur – hjarta – hönd og endurspeglast þau í áhersluþáttum skólustarfsins:

- **Einstaklingsmiðað nám:** Áhersla er lögð á að koma til móts við fjölbreyttar námsþarfir allra nemenda. Markmiðið er að nemendur séu virkir og beri ábyrgð á eigin námi.
- **Velferð og líðan nemenda:** Áhersla er lögð á jákvæð og uppbyggjandi samskipti þar sem nemendur fá stuðning við að greina og vinna með eigin líðan, þjálfun í samvinnu, samskiptum og lausn ágreiningsmála.
- **List og verkgreinar:** Áhersla er lögð á að nemendum gefist kostur á að kynnast fjölbreyttu framboði í list- og verkgreinum og þeir fái tækifæri til að greina áhugasvið sitt og hæfni. Þannig stuðlum við að aukinni færni til að velja nám og störf við hæfi í framtíðinni.

## GILDI SKÓLANNA



# HLUTVERK LEIK- OG GRUNNSKÓLA

Lagalegt hlutverk leik- og grunnskóla byggir á annars vegar lögum um grunnskóla númer 91 frá 12. júní 2008 og hins vegar lögum númer 90 um leikskóla frá 12. júní 2008. Niðurstöður vinnustofu stjórnenda, nefndarmanna og skólafólks fara hér á eftir og skýra þær hlutverk leik- og grunnskóla. Einnig er á myndum mögulegt að sjá hvaða atriði nemendum leik- og grunnskóla þykir einkenna góðan skóla.

- Að vera hjartað í samfélaginu í takt við gildin: hugur- hjarta- hönd
- Að bjóða einstaklingsmiðað nám sem styrkir andlegt, félagslegt og líkamlegt heilbrigði nemenda
- Að undirbúa nemendur undir nám og störf í nútímasamfélagi og byggja upp færni og víðsýni til þess að takast á við fjölbreytt verkefni
- Að leggja grunn að sterkri sjálfsmynd, samskiptahæfni og réttlætiskennd nemenda með kærleik, gleði og umburðarlyndi að leiðarljósi
- Að örva skapandi hugsun nemenda og búa þeim umhverfi til nýsköpunar
- Að tryggja öfluga stoðþjónustu með áherslu á snemmtæka íhlutun
- Að efla umhverfisvitund og byggja upp markvissa umhverfis- og útikennslu
- Að auka læsi og skilning í víðu samhengi
- Að þjálfa nemendur í upplýsinga-, miðla- og tæknilæsi

## Hvernig er góður skóli?



## Hvernig er góður leikskóli?



# SKÓLASTEFNA FLÓAHREPPS

Framtíðarsýn Flóahrepps í skólamállum lýtur á því að í sveitarfélaginu verði öflugt skólastarf sem byggir á einstaklingsmiðuðu námi með áherslu á að hlúa að styrkleikum nemenda og örva skapandi hugsun. Til þess að ná þeirri framtíðarsýn er lögð áhersla á fjóra megin flokka til að ná framtíðarsýninni; *mannauð, samfélagið, umgjörð og umhverfið*.

Áherslur í mannaúðsmálum sveitarfélagsins byggja á því að styrkleikar hvers og eins fái notið sín og er sérstök áhersla lögð á jafnrétti og velliðan allra, nemenda, starfsmanna og foreldra. Mikilvægustu þættir umgjarðar um skólastarfið í sveitarfélaginu eru að standa vörð um það til þess að efla og viðhalda þekkingu og færni í samfélaginu. Hlutverk samfélagsins er að búa nemendur undir þátttöku í lýðræðissamfélagi með heilsueflingu í víðum skilningi, samstarfi og samvinnu. Skólarnir leggja mikla áherslu á að efla umhverfisvitund og leggja rækt við sérstöðu samfélagsins. Skólastarf er unnið eftir hugmyndafræði Landverndar: Skólar á grænni grein.

Undir hvern flokk hafa verið skilgreind nokkur markmið og leiðir til þess að ná þeim markmiðum. Í hverjum flokki er tekið mið af ákveðnum undirmarkmiðum heimsmarkmiðanna. Einnig er tekið mið af gildum skólanna *hugur, hjarta, hönd* og gildum sveitarfélagsins *sjálfbærni, framsækni og samvinna*.



# MANNAUÐUR MARKMIÐ

Mannauður í skólasamfélaginu er mikill og er áhersla lögð á að styrkleikar hvers og eins fá að njóta sín. Jafnrétti og vellíðan eru mikilvægir þættir í skólastarfinu. Skólasamfélag Flóahrepps byggir á þeim mannaúði sem býr í nemendum, starfsmönnum og fjölskyldum og nærsamfélaginu öllu. Þar má nefna menntun, þekkingu, færni, viðhorf og siðferði mannaúðsins. Framlag og þátttaka allra skiptir máli og er grunnur að öflugum skólasamfélagi þar sem allir blómstra og fá að njóta sín.

Fjölbreytt úrval námsleiða tryggir að styrkleikar nemenda fái notið sín. Skólinn á að vera góður og skemmtilegur staður þar sem öllum líður vel og hjálpssemi er ríkjandi skólabragur. Nemendur njóta sín í leik og kennsla og uppeldisstarf tekur mið af því. Nemendur geti haft val um að vinna fjölbreytt verkefni og bera ábyrgð á námi sínu. Þannig er ýtt undir sjálfstæði þeirra.

Mikilvægt er að ráða starfsfólk með fjölbreytta menntun og reynslu og búa því góðar vinnuaðstæður. Upplýsingaflæði innan skólans og út í samfélagið ásamt farsælu samstarfi er mikilvægur þáttur í góðu skólastarfi. Vel er stutt við starfsmenn og þeim tryggð öflug starfsþróun og endurmenntun auk þess sem þeir fá hvatningu til nýsköpunar.

Í mannaúðshluta stefnunnar er horft til undirmarkmiða heimsmarkmiða númer 3, 4, 5, 9 og 16.

## Styrkleikar hvers og eins fái að njóta sín og áhersla lögð á jafnrétti og vellíðan

- Styrkleikar nemenda fái notið sín
- Vellíðan og jöfn tækifæri nemenda í leik og starfi
- Nemendur hafi áhrif á og beri ábyrgð á námi sínu í samræmi við þroska og getu
- Vellíðan og starfsánægja starfsfólks
- Öflugt og vel menntað starfsfólk
- Gott upplýsingaflæði, samráð og samstarf

**3** HEILSA OG VELLÍÐAN



**4** MENNTUN FYRIR ALLA



**5** JAFNRÉTTI KYNJANNA



**9** NÝSKÖPUN OG UPPBYGGING



**16** FRÍÐUR OG RÉttlæTI





# LEIÐIR AÐ MARKMIÐI

## Styrkleikar nemenda fáí notið sín

### Leiðir að markmiði:

- Unnið með styrkleika nemenda á einstaklingsmiðaðan hátt og námsmat endurspeglar það
- Frjálsir leikir úti og inni eru mikilvægir í námi leik- og grunnskólanemenda
- Nemendur eigi góða vini og þyki gaman í skólanum
- Nemendur fá þjálfun í að virkja sköpunarkraft sinn
- Lögð er áhersla á læsi í víðum skilningi
- Virt mælitæki notuð til þess að mæla árangur af skólastarfi
- Sterk sjálfmynd og gott sjálfstraust eru grundvöllur forvarnarstarfs
- Lýðræðisfundir haldnir reglulega með nemendum

## Vellíðan og jöfn tækifæri nemenda í leik og starfi

### Leiðir að markmiði:

- Allir nemendur geta tekið þátt í leik og starfi skólanna og ferðum á þeirra vegum
- Kennsla í lífsleikni og regluleg þjálfun nemenda í góðum samskiptum
- Reglulegar kannanir á líðan nemenda
- Reglulegt sjálfsmat nemenda

## Nemendur beri ábyrgð á námi sínu og skólagöngu í samræmi við þroska og getu

### Leiðir að markmiði:

- Raddir nemenda heyrast og þeir fá tækifæri til að hafa áhrif á nám sitt og námsumhverfi
- Markvisst er unnið með sjálfstraust, seiglu, líðan og sjálfsmynd nemenda
- Nemendur eru hvattir til sjálfstæðra vinnubragða
- Nemendur fá þjálfun í ákvarðanatöku

## Vellíðan og starfsánægja starfsfólks

### Leiðir að markmiði:

- Skapa góðan starfsvettvang fyrir starfsfólk
- Öflug starfsþróun starfsfólks
- Starfsfólk fær stuðning við framsækni og sjálfstæði í starfi
- Regluleg starfsmannasamtöl og eftirfylgni markmiða
- Jöfn tækifæri og margbreytileiki í fjölmeningarsamfélagi
- Fylgst með líðan og starfsmannaveltu
- Þetta samstarf starfsfólks og foreldra

## Öflugt og vel menntað starfsfólk

### Leiðir að markmiði:

- Ráða starfsfólk með fjölbreytta menntun
- Starfsfólk hafi fjölbreytt tækifæri til sí- og endurmenntunar
- Skapa starfsfólki rými til nýsköpunar- og þróunarstarfs

## Gott upplýsingaflæði, samráð og samstarf

### Leiðir að markmiði:

- Öflugt og náð samstarf heimila og skóla
- Virk þátttaka foreldra og íbúa í skólasamfélaginu
- Öflug tengsl skóla við grenndarsamfélagið með markvissri fræðslu, umhverfi, þekkingu og atvinnutækifærum
- Gott upplýsingaflæði innan skóla og út í samfélagið
- Upplýsa samfélagið um unnin verkefni

3 HEILSA OG VELLÍÐAN



4 MENNTUN FYRIR ALLA



5 JAFNRÉTTI KYNJANNA



9 NÝSKÖPUN OG UPPBYGGING



16 FRÍÐUR OG RÉttlæTI



# UMGJÖRÐ

Umgjörð skólustarfs fjallar um skólastefnu og almenna starfsemi og stjórnun skólanna. Það skiptir miklu máli fyrir þróun leik- og grunnskóla í Flóahreppi að í skólasamfélaginu ríki einhuga skólamening. Skólastefnan þarf að vera skýr með skilgreind og mælanleg markmið. Það er hlutverk sveitarfélagsins Flóahrepps að styðja vel við alla umgjörð skólanna og tryggja fjármagn til reksturs þeirra og allrar aðstöðu.

Lögum samkvæmt ber sveitarfélaginu að hafa eftirlit með framkvæmd skólustarfs og styðja við innra mat skólanna. Matskerfi skólanna skulu vera formleg, sýnileg og öflug, endurspeglar árangur, upplifanir allra hagsmunaaðila og stuðla að stöðugri skólaþróun.

Áhersla er lögð á fjölbreytt og skapandi skólastarf og því náð með ýmis konar teymis- og verkefnavinnu. Leitast er við að auka vægi náms í upplýsingatækni- verkgreinum og nýsköpun í skólastarfi auk umhverfisfræðslu og skapandi greina.

Bil á milli skólastiga leik- og grunnskóla er brúað meðal annars með því að vinna eftir sömu uppeldisstefnu og gildum. Áhersla er lögð á að hlúa vel að sérfræðipjónustu sem styður við skólastarf auk þess að bjóða öflugra stoðþjónustu innan skólanna.

Í umgjörð skólustarfs er lögð áhersla á verkefni er tengjast heimsmarkmiðum 3, 4, 5, 9 og 12.

## Standa vörð um skólastarf til þess að efla og viðhalda þekkingu og færni í samfélaginu

- Skýr stefna í skólamálum og skilgreind, mælanleg markmið
- Tryggt fjármagn til að viðhalda og byggja upp aðstöðu til skólahalds
- Framsækið og skapandi nám
- Sérfræðipjónusta sem styður við skólastarfið
- Öflug stoðþjónusta innan skóla

**3** HEILSA OG VELLÍÐAN



**4** MENNTUN FYRIR ALLA



**5** JAFNRÉTTI KYNJANNA



**9** NÝSKÖPUN OG UPPBYGGING



**12** ÁBYRG NEYSLA OG FRAMLEIÐSLA



# LEIÐIR AÐ MARKMIÐI

Skýr stefna í skólamálum og skilgreind, mælanleg markmið

## Leiðir að markmiði:

- Unnið samkvæmt hugmyndafræði uppeldisstefna skólanna og gerð grein fyrir verkefnum sem þeim tengjast
- Gildi skólanna endurspeglast í öllu starfi þeirra
- Mat á skólastarfi framkvæmt og umbótaáætlanir kynntar
- Fylgst með niðurstöðum staðlaðra prófa og unnið með þær

Tryggt fjármagn til að byggja upp og viðhalda öflugum skólastarfi

## Leiðir að markmiði:

- Tryggja góða aðstöðu og viðhald búnaðar til almenns skólahalds
- Bjóða upp á fjölbreytt námsval og verklegar greinar sem endurspeгла áhuga nemenda
- Starfsfólk geti haft áhrif á undirbúning að gerð fjárhagsáætlunar skólanna

Framsækið og skapandi nám

## Leiðir að markmiði:

- Áhersla á fjölbreytt og skapandi skólastarf
- Þverfaglegt samstarf og verkefnavinna
- Teymis- og þemavinna í forgrunni
- Auka vægi náms upplýsingatækni- og nýsköpunar í skólastarfi
- Áhersla á útikennslu og umhverfisfræðslu nemenda
- Áhersla á skapandi greinar, (leiklist, tónlist, dans, spuna)
- Áhersla á verkgreinar

Sérfræðipjónusta sem styður við skólastarfið

## Leiðir að markmiði:

- Áhersla á snemmtæka íhlutun og skilvirkar greiningar
- Nemendur fá sérfræðipjónustu og stuðning eftir þörfum
- Foreldrum og starfsfólki veitt ráðgjöf og stuðningur
- Sérfræðipjónusta metin reglulega

Öflug stoðþjónusta innan skólanna

## Leiðir að markmiði:

- Fjölbreyttur stuðningur og ráðgjöf við nemendur, foreldra og starfsfólk
- Stutt vel við nemendur sem það þurfa

3 HEILSA OG VELLÍÐAN



4 MENNTUN FYRIR ALLA



5 JAFNRÉTTI KYNJANNA



9 NÝSKÖPUN OG UPPBYGGING



12 ÁBYRG NEYSLA OG FRAMLEIÐSLA



# SAMFÉLAG

Eitt af hlutverkum leik- og grunnskóla er að undirbúa nemendur undir nám og störf í nútímasamfélagi og byggja upp færni og víðsýni til þess að takast á við fjölbreytt verkefni. Þess vegna er auk hefðbundinna greina lögð áhersla á lýðræði og jöfnuð. Í lýðræðissamfélagi hafa allir íbúarnir sterka rödd og í svo þéttu og nánu samfélagi eins og í Flóahreppi skiptir miklu máli að jafnræði gildi á meðal íbúanna allra. Því skiptir samstarf skólanna við nærsamfélagið mjög miklu máli. Íbúar eru hvattir til lýðræðislegrar þátttöku í málefnum sveitarfélagsins.

Áherslur „Heilsueflandi samfélags“ eru takturinn í samfélaginu og mikið er lagt upp úr samstarfi og samvinnu hinna ýmsu hópa er byggja nærsamfélagið.

Skólaganga í leik- grunn- og framhaldsskóla er brúuð með samstarfi og samtali og lagður er grunnur að námi nemenda með sameiginlegri læsisstefnu, umhverfisfræðslu, vorskóla, skólaheimsóknum og áherslu á samskipti og líðan.

Samvinna við nærsamfélagið, meðal annars um tækni og nýsköpun mun í æ meira mæli skipta máli þegar kemur að uppbyggingu hringrásarhagkerfisins. Það er mikilvægt að efla vitund um séreinkenni samfélagsins og vekja athygli nemenda á möguleikum í atvinnulífi framtíðar með heimsóknum á vinnustaði og kynningum á möguleikum á námi.

Í samfélagshluta stefnunnar er stuðst við heimsmarkmið 3, 9, 10 og 16.

## Nemendur búnir undir þátttöku í lýðræðissamfélagi með heilsueflingu, samstarfi og samvinnu

- Lýðræði og jöfnuður, friður og réttlæti
- Heilsueflandi leik- og grunnskóli
- Samstarf leik- og grunnskóla
- Góð samvinna við nærsamfélagið
- Fræðsla og ráðgjöf um nám og störf

**3** HEILSA OG VELLÍÐAN



**9** NÝSKÖPUN OG UPPBYGGING



**10** AUKINN JÖFNUÐUR



**16** FRÍÐUR OG RÉttlæTI



# LEIÐIR AÐ MARKMIÐI

## Lýðræði og jöfnuður, friður og réttlæti

### Leiðir að markmiði:

- Góð og virk upplýsingagjöf á milli skóla og samfélags
- Virk þátttaka forráðamanna í stefnumótun og skólastarfi
- Íbúafundir haldnir reglulega til að ræða skólastarf
- Samvinna við aðra skóla um innleiðingu heimsmarkmiða í skólastarf

## Leik- og grunnskóli í heilsueflandi samfélagi

### Leiðir að markmiði:

- Vitundarvakning um heilsutengd málefni
- Áhersla á vellíðan og jákvæða sjálfsmynd
- Íþróttaaðstaða uppfylli skilyrði um íþróttaiðkun nemenda
- Tómsundurir verði hluti af samfelldum skóladegi eins og mögulegt er
- Markvisst unnið að forvörnum og fræðslu um jafnrétti, geðheilbrigði, og varnir gegn fíkn

## Samstarf leik- og grunnskóla

### Leiðir að markmiði:

- Gildi skólanna hugur – hjarta – hönd lögð til grundvallar í skólastarfi
- Öflugt samstarf með sameiginlegri læsisstefnu, umhverfisfræðslu, vorskóla, skólaheimsóknum og áherslu á samskipti og líðan
- Skólaganga í leik- grunn- og framhaldsskóla brúuð með samstarfi og samtali
- Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna innleidd í skólastarfið

## Góð samvinna og samstarf við nærsamfélagið

### Leiðir að markmiði:

- Markviss tengsl skóla og atvinnulífs
- Skólastefnan er tæki til mótunar samfélagsins
- Starfsnám og starfskynningar eru hluti af skólastarfinu
- Nýta þekkingu sem er til staðar í samfélaginu (gæði eigin samfélags)
- Tryggja fjölbreytt námsframboð

## Fræðsla og ráðgjöf um nám og störf

### Leiðir að markmiði:

- Efla vitund um séreinkenni samfélagsins
- Miðlun upplýsinga um möguleika og framboð á fjölbreyttu námi og störfum
- Vinna með og greining á áhugasviði nemenda
- Heimsóknir á vinnustaði og stofnanir
- Kynningar úr atvinnulífinu

3 HEILSA OG VELLÍÐAN



9 NÝSKÖPUN OG UPPBYGGING



10 AUKINN JÖFNUÐUR



16 FRÍÐUR OG RÉttlæTI



# UMHVERFI

Eitt af hlutverkum leik- og grunnskóla er að efla umhverfisvitund og byggja upp markvissa umhverfis- og útikennslu auk þess að auka læsi og skilning í víðu samhengi.

Leik- og grunnskóli leiða verkefni sem taka mið af sjálfbærri þróun og stuðla að umhverfisvitund nemenda. Skólastofnanirnar vinna báðar að því að leggja rækt við sérstöðu umhverfis síns, náttúrufar, sögu og menningu heimabyggðar og sinna umhverfismálum á mjög fjölbreyttan hátt. Umhverfið er sérstaklega mikilvægt í skólastefnunni þar sem bæði leik- og grunnskóli hafa lagt mikla áherslu á umhverfisfræðslu meðal annars með innleiðingu á hugmyndafræði skóla á grænni grein.

Leik- og grunnskóli gefa nemendum færi á að nýta umhverfið í leik og starfi og hlýða á þeirra hugmyndir. Í stefnunni birtast óskir leik- og grunnskólanemenda en þau vilja helst leika sér í frjálsum leik í umhverfi skólanna.

Geta til aðgerða er þjálfuð með fræðslu og sérstök áhersla lögð á verkefni nemenda sem miða að sjálfbærni og hvernig best er að umgangast grenndarsamfélagið. Unnið er með hnattrænt jafnræði og mikilvægi endurvinnslu og endurnýtingar.

Í umhverfishluta stefunnar er stuðst við heimsmarkmið 9, 12 og 13.

## Efla umhverfisvitund og leggja rækt við sérstöðu samfélagsins

- Skólarnir leiða verkefni sem taka mið af sjálfbærri þróun og efla umhverfisvitund nemenda
- Skólarnir nýta nærumhverfið í leik og starfi
- Geta til aðgerða eflid hjá nemendum með þjálfun í útsjónarsemi

**9** NÝSKÖPUN OG UPPBYGGING



**12** ÁBYRG NEYSLA OG FRAMLEIÐSLA



**13** AÐGERÐIR Í LOFTSLAGSMÁLUM



# LEIÐIR AÐ MARKMIÐI

Skólarnir leiða verkefni sem taka mið af sjálfbærri þróun og efla umhverfisvitund nemenda

## Leiðir að markmiði:

- Skólarnir vinna samkvæmt hugmyndafræði Skóla á grænni grein
- Við skólana starfar umhverfisnefnd skipuð nemendum og starfsfólki sem fundar reglulega
- Mat er reglulega lagt á stöðu umhverfismála
- Gerðar eru áætlanir um aðgerðir og markmið og unnið eftir þeim
- Eftirlit og endurmat á aðgerðum
- Námsfænisgerð og tenging við námskrá
- Að upplýsa og fá aðra með
- Starf skólanna er í anda umhverfissáttmála sem þeir hafa sett sér

Skólarnir nýta nærumhverfið í leik og starfi

## Leiðir að markmiði:

- Námsmöguleikar nýttir bæði úti og inni
- Nemendur þekki vel umhverfi sitt
- Umhverfið bjóði upp á nýsköpun og sjálfbærni
- Almenn umhverfisvitund og umhverfisrækt
- Hreyfing og útivist í nærumhverfi skólanna
- Sjálfbærni- og nýsköpunarverkefni kynnt íbúum t.d. með uppskeruhátíð eða þemaviku

Geta til aðgerða eflað hjá nemendum með þjálfun í útsjónarsemi

## Leiðir að markmiði:

- Áhersla lögð á verkefni nemenda sem miða að sjálfbærni
- Fræðsla og verkefni tengd getu til aðgerða
- Áhersla lögð á grenndarsamfélagið og hvernig best sé að umgangast það með sjálfbærni í huga
- Unnið er með hnattrænt jafnræði og mikilvægi þess að allir jarðarbúar fái sínum grunnþörfum uppfyllt
- Unnið með mikilvægi endurvinnslu og endurnýtingu hluta (t.d. fatamarkaður í fjölskylduviku)



# INNLEIÐING OG LOKAORÐ

Í samningi Sameinuðu þjóðanna um rétt barnsins er lögð áhersla á að ung börn séu sjálfstæðir borgarar með viðhorf sem taka beri alvarlega. Þau hafi rétt á að láta í ljósi skoðanir sínar og séu hæf til að gefa upplýsingar um eigin reynslu og skoðanir. Skilningur á viðhorfum barna er því afar mikilvægur við stefnumörkun í menntamálum og þróun skólustafs. Einnig er í lögum um leik- og grunnskóla frá 2008 kveðið á um að taka beri tillit til þarfa og stöðu nemenda og stuðla að alhliða þroska og velferð. Jafnframt er áhersla á að rækta beri hæfileika barna til tjáningar og sköpunar í þeim tilgangi, meðal annars, að styrkja sjálfsmynd þeirra, heilbrigðisvitund, öryggi og hæfni til mannlegra samskipta.

Leitast hefur verið við að taka tillit til ofangreindra þátta. Skólastefnan er sett fram sem öflug framtíðarsýn í skólamálum í Flóahreppi. Skólarnir sem stefnan tekur til eru grunnskólinn Flóaskóli og leikskólinn Krakkaborg. Skólarnir í sveitarfélaginu eru mikilvægir fyrir alla umgjörð yngstu íbúanna og móta þeirra framtíð. Skólastarf er gríðarlega mikilvægt til þess að auka og viðhalda góðri þekkingu í samfélaginu. Nemendur eru virkir þátttakendur í samfélaginu og öflugt samstarf heimilis- og skóla skiptir því öllu máli.

Skýr stefna er nauðsynleg til þess að heimili og sveitarfélag geti fylgst með framkvæmd skólastarfs og lagt mat á gæði þess. Skólastefna Flóahrepps verður höfð að leiðarljósi við gerð skólanámskráa og mun hún vera stjórnendum uppeldisstofnana sveitarfélagsins leiðarvísir að uppbyggingu starfseminnar. Skólanámskrár eru þannig framkvæmdaáætlanir skólastefnunnar og kynntar foreldrum og staðfestar í fræðslunefnd og sveitarstjórn í samræmi við lög og reglugerðir. Fyrir hvert starfsár eru unnar starfsáætlanir skólanna sem útlistar skipulag og mat á skólastarfi og leggur grunn að innleiðingu skólastefnunnar. Innleiðing heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna í skólastarf verður hluti innleiðingar stefnunnar í leik- og grunnskóla.





# UNDIRMARKMIÐ HEIMSMARKMIÐA

- 3.4 Eigi síðar en árið 2030 hafi ótímabærum dauðsföllum af völdum annarra sjúkdóma en smitsjúkdóma verið fækkað um þriðjung með fyrirbyggjandi aðgerðum og meðferð og stuðlað að geðheilbrigði og vellíðan.
- 3.5 Efldar verði forvarnir og meðferð vegna misnotkunar vímuefna, þar á meðal fíkniefna og áfengis.
- 3.6 Eigi síðar en árið 2030 verði búið að ná fjölda dauðsfalla og alvarlega slasaðra vegna umferðarslysa niður um helming á heimsvísu.
- 3.9 Eigi síðar en árið 2030 verði komið í veg fyrir, svo um munar, dauðsföll og veikindi af völdum hættulegra efna og loft-, vatns- og jarðvegsmengunar.
- 4.1 Eigi síðar en árið 2030 verði tryggt að allar stúlkur og drengir ljúki góðri grunnskólamenntun á jafnréttisgrundvelli án endurgjalds til að öðlast viðeigandi og gagnlega menntun.
- 4.2 Eigi síðar en árið 2030 verði tryggt að allar stúlkur og drengir eigi þess kost að þroskast og dafna frá unga aldri, fá umönnun og leikskólamenntun til að búa þau undir grunnskóla.
- 4.3 Eigi síðar en árið 2030 verði öllum konum og körlum tryggður jafn aðgangur að góðu tækni-, starfs- og framhaldsnámi, þar á meðal á háskólastigi, á viðráðanlegu verði.
- 4.4. Eigi síðar en árið 2030 hafi ungmennum og fullorðnum með hagnýta kunnáttu fjölgað umtalsvert, þar á meðal á sviði tækni- og starfsmenntunar, til þess að geta gengt viðeigandi störfum, fengið mannsæmandi vinnu og stundað frumkvöðlastarfsemi.
- 4.5 Eigi síðar en árið 2030 hafi kynjamismunin í menntakerfinu verið afnumin og jafn aðgangur að námi á öllum stigum tryggður og starfsþjálfun fyrir fólk í viðkvæmri stöðu, þar á meðal fyrir fatlað fólk, frumbyggja og börn sem búa við erfiðar aðstæður.
- 4.6 Eigi síðar en árið 2030 verði tryggt að öll ungmenni og stór hluti fullorðinna, bæði karlar og konur, hafi náð tókum á lestri og skrift og öðlast talnaskilning.
- 4.7 Eigi síðar en árið 2030 verði tryggt að allir nemendur öðlist nauðsynlega þekkingu og færni til þess að ýta undir sjálfbæra þróun, meðal annars með menntun sem er ætlað að efla sjálfbæra þróun og sjálfbæran lífsstíl, með því að hlúa að friðsamlegri menningu, með mannréttindum, kynjajafnrétti, alheimsvitund, viðurkenndri menningarlegri fjölbreytni og framlagi menningar til sjálfbærrar þróunar.
- 4.a Byggð verði upp og endurbætt aðstaða til menntunar fyrir börn, óháð kyni, svo að allir geti lært í öruggu og friðsamlegu umhverfi án aðgreiningar, fatlaðir sem aðrir.
- 5.1 Öll mismunun gagnvart konum og stúlkum verði afnumin alls staðar.
- 5.5 Tryggð verði virk þátttaka kvenna og jöfn tækifæri þeirra til að vera leiðandi við ákvarðanatöku á öllum sviðum stjórn- og efnahagsmála sem og á opinberum vettvangi.
- 5.c Sett verði öflug stefna og raunhæf lög sem stuðla að kynjajafnrétti og styrkja stöðu kvenna og stúlkna á öllum sviðum.
- 9.2 Stuðlað verði að sjálfbærri iðnþróun fyrir alla og eigi síðar en árið 2030 hafi hlutur iðnaðar í atvinnulífi og vergri landsframleiðslu aukist verulega í ljósi aðstæðna heima fyrir og tvöfaldast í þeim þróunarlöndum sem skemmst eru á veg komin.
- 9.4 Eigi síðar en árið 2030 verði innviðir styrktir og atvinnugreinar endurskipulagðar til að gera þær sjálfbærar, nýting auðlinda verði skilvirkari og í auknum mæli innleiði hvert og eitt land tækni og umhverfisvæna verkferla eftir getu.
- 9.5 Vísindarannsóknir verði efldar og tæknigeta atvinnugreina í öllum löndum endurbætt, þar á meðal í þróunarlöndum. Eigi síðar en árið 2030 verði ýtt undir nýsköpun og fjölgað störfum við rannsóknir og þróun fyrir hverja milljón íbúa, auk þess sem útgjöld til rannsókna og þróunar hins opinbera og einkageirans verði aukin.

# UNDIRMARKMIÐ HEIMSMARKMIÐA

- 10.2 Eigi síðar en árið 2030 verði öllum gert kleift að taka þátt í félagslífi og hafa afskipti af efnahagsmálum og stjórnmálum, án tillits til aldurs, kyns, fötlunar, kynþáttar, þjóðernis, uppruna, trúarbragða, efnahags eða annarrar stöðu.
- 10.3 Tryggð verði jöfn tækifæri og dregið úr ójöfnuði, meðal annars með afnámi laga, breyttri stefnumótun og starfsháttum sem ala á mismunun, samhliða því að þrýsta á lagasetningu, stefnumótun og starfshætti sem styðja við markmiðið.
- 12.2 Eigi síðar en árið 2030 verði markmiðum um sjálfbæra og skilvirka nýtingu náttúruauðlinda náð.
- 12.3 Eigi síðar en árið 2030 hafi sóun matvæla á smásölumarkaði og hjá neytendum minnkað um helming á hvern einstakling um heim allan. Nýting í matvælaframleiðslu og hjá birgðakeðjum verði bætt, þ.m.t. við uppskeru.
- 12.5 Eigi síðar en árið 2030 hafi forvarnir, minni úrgangur, aukin endurvinnsla og endurnýting dregið verulega úr sóun.
- 13.1 Auka viðbragðsáætlanir og forvarnir við vá af völdum loftslagsbreytinga og náttúruhamfara alls staðar í heiminum.
- 13.2 Ráðstafanir vegna loftslagsbreytinga verði að finna í landsáætlunum, stefnumótunum og skipulagi.
- 13.3 Menntun verði aukin til að vekja fólk til meðvitundar um hvernig mannauður og stofnanir geta haft áhrif og brugðist við loftslagsbreytingum, þar á meðal með snemmbúnum viðbúnaði og viðvörnum.
- 16.6 Byggðar verði upp skilvirkar og ábyrgar stofnanir á öllum sviðum sem hafa gagnsæi að leiðarljósi.
- 16.7 Teknar verði ákvarðanir á öllum sviðum þar sem brugðist er við aðstæðum og víðtæk þátttaka tryggð.





Útgefið af Podium ehf.  
Ráðgjöf: Eva Magnúsdóttir